

Reglur doktorssjóðs Landbúnaðarháskóla Íslands

Reglur um stuðning úr Doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands til nemenda í doktorsnámi við Landbúnaðarháskóla

Íslands

Samþykktar í háskólaráði 14. júní 2023

1. grein. Tilgangur

Tilgangurinn með Doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) er að:

- Efla Lbhí sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla;
- auka enn frekar þekkingu innanlands á meginfræðasviðum skólans; og
- gera efnilegum nemendum kleift að stunda doktorsnám við skólann.

Reglur um Doktorssjóð Lbhí eru viðbót við reglur um doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands, samþykktar af háskólaráði 14. júní 2023, sem gilda að öðru leyti um styrkþega sjóðsins.

2. grein. Styrkveitingar úr Doktorssjóðnum

Doktorssjóður Landbúnaðarháskóla Íslands veitir styrki til doktorsnema við skólann í formi launagreiðslna.

Á hverjum tíma er miðað við að sjóðurinn styrki tvo doktorsnema.

Verkefnin geta verið innan þeirra meginfagsviða skólans sem hann hefur heimild háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis til að bjóða doktorsnám í:

i) Náttúruvísindi; ii) Auðlinda- og búvísindi; iii) Skipulagsfræði.

Rektor og framkvæmdastjórn Lbhí er heimilt að fjölga styrkjum til doktorsnema, til dæmis með samningum við þriðja aðila um að standa straum af kostnaði við slík verkefni.

Rektor skipar valnefnd Doktorssjóðs Lbhí til þriggja ára í senn, en í henni skulu eiga sæti þrír akademískir starfsmenn, einn af hverju fagsviði skólans. Valnefndin, ásamt rektor, annast auglýsingu, upplýsingagjöf, móttöku og meðferð umsókna og úthlutun (sjá nánar 3. grein). Framhaldsnámsnefnd Lbhí sér um utanumhald og eftirfylgni með doktorsverkefnum sem styrkt eru af Doktorssjóðnum sbr. reglur um doktorsnám við skólann.

3. grein. Störf valnefndar og umsóknir

Umsóknarfrestur skal vera einn mánuður hið minnsta. Heimilt er að auglýsa styrki á ákveðnum fagsviðum skólans ef málefnalegar ástæður eru fyrir því. Styrkir til doktorsnáms sem eru kostaðir í samstarfi við þriðja aðila, geta haft þengri skilyrði um fagsvið o.fl., og má auglýsa sérstaklega.

Umsóknir til sjóðsins geta verið af tvennum toga:

- a) Nemandi og leiðbeinandi sækja til sjóðsins í sameiningu, með tillögu að samsetningu hæfrar doktorsnámsnefndar um verkefnið sbr. reglur um doktorsnám við Lbhí.
- b) Leiðbeinandi sækir um styrk án þess að tilgreina nemanda, en með tillögu að samsetningu hæfrar doktorsnámsnefndar um verkefnið.

Umsóknum skulu fylgja:

- Greinargerð um rannsóknarverkefnið, markmið þess og vísindalegt gildi,
- feril- og ritaskrá nemanda (leið a), leiðbeinanda og fyrirhugaðrar doktorsnámsnefndar,
- námsáætlun nemanda (leið a), stutt greinargerð um aðstöðu til námsins og
- önnur gögn sem styrkt geta umsókn, s.s. meðmæli.

Umsókn má vera á íslensku eða ensku.

Sérstaklega skal bent á möguleika Lbhí til samstarfs við erlenda og innlenda háskóla við skipan í doktorsnámsnefndir. Sameiginlegar doktorsgráður með öðrum háskólum eru einnig æskilegar, en þá skal að jafnaði ganga frá skráningu fyrst við Lbhí og síðan við erlendan/innlendan háskóla. Á þennan hátt er hægt að tryggja að doktorsverkefnin séu af bestu faglegu gæðum og dragi nýja þekkingu inn í landið.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn og umsóknir hafa borist skipar valnefnd tvo eða fleiri óháða umsagnaraðila til að meta umsóknir áður en að endanlegri afgreiðslu valnefndar kemur. Gæta skal þess að óháður umsagnaraðili sé sérfræðingur á fræðasviði umsókna, sé ekki með umsókn í sjóðinn á sama tíma og standist almennar kröfur til hæfis.

Við mat á umsóknum skal m.a. litið til eftirfarandi þátta:

- Vísindalegs gildis fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis;
- mikilvægi þess að auka þekkingu á viðkomandi sviði á Íslandi (og Lbhí ef við á);
- hversu vel verkefnið mæti kröfum sem fram komu í auglýsingu;
- tengsl verkefnis við fræðasvið leiðbeinenda;
- faglegan styrkleika doktorsnámsnefndar verkefnisins;
- frammistöðu nemenda í fyrra háskólanámi (leið a);
- námsáætlunar (leið a);
- hvort aðstaða í deild og í samstarfi sé fullnægjandi; og
- frágangs umsóknar.

Valnefnd velur úr innsendum umsóknum á grundvelli fenginna umsagna frá óháðum umsagnaraðilum.

Hljóti leiðbeinandi viljrði um styrk án tiltekins nemanda (leið b) skal auglýsa eftir doktorsnema á opinberum vettvangi. Leiðbeinandi hefur að hámarki sex mánuði til að velja nemanda. Að þeim tíma

liðnum fellur vilýrði um styrk niður. Jafnframt metur framhaldsnámsnefnd Lbhí hvort sá nemandi sem leiðbeinandi velur uppfylli skilyrði reglna um doktorsnám við Lbhí. Að úthlutun lokinni skal kynna opinberlega þau verkefni sem hlutu styrk.

4. grein. Skyldur styrkþega

Styrkþegi skal sinna doktorsnáminu í fullu starfi og skal ekki sinna öðru starfi á styrktímabilinu. Deild getur falið styrkþega verkefni á sviði kennslu eða rannsókna eða samþykkt að hann taki að sér slík verkefni fyrir aðra aðila, enda nemi slík verkefni í heild ekki meira en 20% af fullu starfi, en auki um leið færni nemandans á viðkomandi sviði. Til að hvetja doktorsnema til kennslu við háskólann, er hámarkstími styrkveitingar til doktorsnema fjögur ár, eða einu ári lengur en lágmarkstími til að ljúka doktorsnámi.

5. grein. Ráðningarfyrirkomulag

Rektor ræður í starf doktorsnema eins og í önnur störf við háskólann. Störf doktorsnema eru tímabundin og eru veitt til eins árs í senn og með skilyrði um að leiðbeinandi og doktorsnemi sýni fram á eðlilega framvindu verkefnisins (sjá 6. grein). Laun fylgja launaflokki 12 í launatöflu Félags íslenskra náttúrufræðinga (663-012). Doktorssjóður Lbhí styrkir launakostnað doktorsnema, en er ekki ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknirnar sjálfar. Þó er doktorsnema og leiðbeinendum heimilt að senda rektor vel rökstudda umsókn fyrir nauðsynlegum viðbótar rannsóknakostnaði að hámarki 600.000 kr. á ári á verðlagi ársins 2023.

6. grein. Framvinda doktorsnáms

Leiðbeinandi og doktorsnemi sem hlotið hafa styrk úr Doktorssjóði Lbhí skulu árlega (fyrir 1. desember) skila sameiginlegri framvinduskýrslu til framhaldsnámsnefndar, þar sem þeir gera grein fyrir stöðu námsins. Skil á framvinduskýrslu eru á ábyrgð leiðbeinanda og nemanda. Fullnægjandi framvinduskýrsla er forsenda endurráðningar til eins árs í senn. Ljúki nemandi doktorsgráðu á skemmri tíma en fjórum árum, þá er honum heimilt að sinna fræðilegum störfum fyrir Lbhí út fjórða árið með stuðningi sjóðsins, nema að hann hefji störf í annarri launaðri vinnu. Laun síðustu þriggja mánaða fjórða styrksárs skulu skilyrt því að doktorsritgerð nemandans hafi verið samþykkt til varnar af umsjónarmanni framhaldsnáms Lbhí og Miðstöð framhaldsnáms við HÍ (sjá reglur um doktorsnám við Lbhí).

7. grein. Viðurkenning og kynning verkefna

Leiðbeinandi og doktorsnemi skulu geta sjóðsins og Lbhí í þeim ritsmíðum sínum sem tengjast styrk sjóðsins. Breytingar á reglum þessum skulu staðfestar í háskólaráði og kynntar sérstaklega í tengslum við auglýsingar sjóðsins.